



Stuðningsaðgerðir stjórnvalda vegna heimsfaraldursins umsvifamiklar

Helstu stuðningsaðgerðir stjórnvalda vegna heimsfaraldursins til handa fyrirtækjum og heimilum nema nú ríflega 95 mö.kr. frá því að þær hófust. Til samanburðar er áætlað að útgjöld ríkissjóðs til menntamála nemi um 86 mö.kr. á árinu 2021. Hlutabætur vegna atvinnuleysis vega þyngst af aðgerðunum, en næst kemur frestun skattgreiðslna, sem auðvitað er ekki bein útgjöld. Sé litið yfir tímaferilinn voru frestun skattgreiðslna, hlutabætur og greiðsla launa á uppsagnarfresti umfangsmestar fyrstu mánuðina, en síðustu mánuði hafa tekjufalls- og viðspyrnustyrkir verið áberandi.

Á þessu ári hafa rúmir 15 ma.kr. verið greiddir í tekjufalls- og viðspyrnustyrki, sem ætlað er að aðstoða rekstraraðila sem orðið hafa fyrir tekjufalli vegna faraldursins. Um 2,5 ma.kr. hafa verið greiddir í lokunarstyrki frá því faraldurinn skall á.

Þá hafa landsmenn tekið út séreignarsparnað að upphæð 27 ma.kr., en heimild til þess gildir út árið. Þessum úttektum hafa fylgt töluverðar skatttekjur fyrir ríkissjóð en að sama skapi skerðast skatttekjur í framtíðinni.


Á tímabilinu hafa um 7,7 ma.kr. verið endurgreiddir af virðisaukaskatti vegna framkvæmda við húsnæði og bílaviðgerða.

Þörf fyrir aðgerðir mikil

Í fjármálaáætlun fyrir árin 2021–2025, sem var samþykkt í desember sl., kom skýrt fram að þörf fyrir að veita kröftugri stuðning við hagkerfið var meiri en dæmi eru um áður í hagsögu landsins. Þá blasti við að umfang hagstjórnarviðbragða þyrfti að vera langt umfram það svigrúm sem fjármálareglur laga um opinber fjármál heimila. Á þeim tíma samþykkti Alþingi því breytingu á lögum um opinber fjármál þar sem tölulegum fjármálareglum er vikið til hliðar til ársins 2025.


Ljóst var að áfallið yrði misjafnlega mikið fyrir ólíka þjófélagshópa og var því lögð áhersla á að milda áhrifin á þá sem yrðu fyrir sérstaklega þungu höggi og dreifa þannig efnahagslegum áhrifum

Fjárstuðningur ríkissjóðs til fyrirtækja og starfsfólks



Heimild: Stjórnarráð Íslands

Endurgreiðsla virðisaukaskatts



Heimild: Stjórnarráð Íslands



farsóttarinnar. Í áætluninni er gert ráð fyrir að tímabundnar aðgerðir renni sitt skeið að mestu leyti á næsta ári og almennt aðhald í rekstri ríkissjóðs hefjist en reiknað er með að hækkan skuldahlutfalls hins opinbera stöðvist ekki fyrr en árið 2025.

Verulegt umfang aðgerða

Sjálfvirk viðbrögð ríkisfjármálanna hafa verið umfangsmikil, en í því felst t.d. að tekjur af tekjusköttum og tryggingagjaldi lækka og útgjöld vegna atvinnuleysis hækka miðað við breytt ástand.


Í nýjum tillögum um fjármálaáætlun kemur fram að mótvægisáðgerðir stjórnvalda árin 2020 og 2021 nema um 200 mö.kr. á þessum tveimur árum, sem kemur til viðbótar áhrifum hinna sjálfvirku sveiflujafnara ríkisfjármálanna, en þau eru metin um 200 ma.kr. yfir sama tíma. Samanlagt umfang ráðstafana í ríkisfjármálum nam því 6,1% af landsframleiðslu í fyrra og verður um 7% í ár. Til samanburðar nema beinar ráðstafanir stjórnvalda í Bandaríkjunum, sem samþykktar voru í þinginu í desember í fyrra og mars á þessu ári, alls um 2.800 milljörðum Bandaríkjadala, eða um 13,5% af landsframleiðslu. Umfang sjálfvirkra sveiflujafnara í ríkisfjármálunum er hins vegar mun minna í Bandaríkjunum en hér á landi.

Frumvarp til fjárukalaga

Ríkisstjórnin kynnti áframhaldandi efnahagsaðgerðir vegna heimsfaraldurs kórónuveirunnar í lok apríl. Þar er um er að ræða fjórða aðgerðapakka ríkisstjórnarinnar en áður voru samþykktir svipaðir pakkar í mars, apríl og nóvember í fyrra. Nú er komið fram frumvarp til fjárukalaga til þess að samþykkja fjárheimildir vegna þessara aðgerða. Þetta er því annað árið í röð sem fjárukalög verða samþykkt á fyrri hluta árs, sem er nokkuð einstakt. Umfang þessara tillagna er það mikið að ekki er unnt að fjármagna þær með öðrum úrræðum laga um opinber fjármál, og því þarf fjárukalög til.


Stærstur hluti tillagnanna snýr að félags- og vinnumarkaðsmálum, eða um 11,6 ma.kr. Þar af nema aukin framlög vegna vinnumarkaðar og atvinnuleysis samtals 9,8 mö.kr.

Sjálfvirkir sveiflujafnarnar og ráðstafanir ríkisfjármála - % af VLF




Heimild: Fjármála- og efnahagsráðuneytið

Fjárstuðningur ríkissjóðs til fyrirtækja og starfsfólks - mars '20 - maí '21



Heimild: Stjórnarráð Íslands

Stærstu ráðstafanir v. faraldurs 2021



Heimild: Alþingi



Innihald og form skjals þessa er unnið af starfsmönnum Hagfræðideildar Landsbankans hf. (hagfraedideild@landsbankinn.is) og byggist á aðgengilegum opinberum upplýsingum á þeim tíma sem greiningin var unnin. Mat á þeim upplýsingum endurspeglar skoðanir starfsmanna Hagfræðideildar Landsbankans á þeim degi þegar greiningin er dagsett, en þær geta breyst án fyrirvara.

Landsbankinn hf. og starfsfólk hans taka ekki ábyrgð á viðskiptum sem byggð eru á þeim upplýsingum og skoðunum sem hér eru settar fram, enda eru þær ekki veittar sem persónuleg ráðgjöf fyrir einstök viðskipti.

Bent skal á að Landsbankinn hf. getur á hverjum tíma haft beinna eða óbeinna hagsmuna að gæta, ýmist sjálfur, dótturfélög hans eða fyrir hönd viðskiptamanna, s.s. sem fjárfestir, lánardrottinn eða þjónustuaðili. Greiningar eru engu að síður unnar sjálfstætt af Hagfræðideild Landsbankans og innan Landsbankans eru í gildi reglur um aðskilnað starfssviða sem eru aðgengilegar á vef bankans.